

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2018, miðvikudaginn 10. janúar var haldinn 141. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Árbæjarskóla og hófst hann kl. 16.20. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Hrönn Oddsdóttir og Björn Gíslason. Einnig voru viðstödd: Hörður Gunnarsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Díana Fylkisdóttir fulltrúi íbúasamtaka Norðlingaholts, Elvar Örn Þórisson fulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Nýr skólastjóri býður hverfisráð velkomið í Árbæjarskóla.

Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri, Guðrún Erna Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri og Þórhildur Þorbergsdóttir, aðstoðarskólastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lögð er fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. desember. 2017, varðandi umsókn um breytt deiliskipulag lóðar Hólmsheiðarvegi 151.
Frestað til næsta fundar.
3. Lögð er fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs dags. 5. desember. 2017 með umsókn um breytt deiliskipulag lóðar við Lyngháls 7.
Frestað til næsta fundar.
4. Lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 13. nóvember 2017, með beiðni um umsögn um tillögu um breytta skipun í hverfisráð.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi umsögn:

Hverfisráð skilaði umsögn um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu haustið 2015 og vísar efnislega til rökstuðnings þar hvað varðar hlutverk og ábyrgðarsvið ráðanna sem og skipun fulltrúa í þau. Hverfisráð Árbæjar telur framkomnar tillögur Stjórnkerfis og lýðræðisráðs ótímabærar þar sem grundvallarspurningum um valdsvið, verkefni og stjórnskipulega stöðu ráðanna hefur ekki verið svarað. Hverfisráðin hafa undanfarin ár mun fremur kallað eftir að skerpt verði á hlutverki og stöðu ráðanna í stjórnskipun borgarinnar en breytingum sem lúta einungis að skipan fulltrúa í þau. Þannig teljum við mikilvægt að skilgreina hlutverk ráðanna áður en farið er í grundvallarbreytingar á samsetningu þeirra. Hverfisráð Árbæjar hefur efasemdir um ágæti slembivals fulltrúa í ráðin og telur mikilvægt að mismunandi sviðsmyndir verði skýrðar nánar út frá mismunandi valaðferðum fulltrúa sérstaklega hvað varðar samspil hverfisráða við meirihlutann í borginni hverju sinni. Loks teljum við að framkomin tillaga sneiði hjá mikilvægi íbúasamtaka í starfi ráðanna og hvernig efla megi aðkomu þeirra að þeim. Hverfisráð Árbæjar styður ekki að óbreyttu framkomnar tillögur Stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um breytta skipan hverfisráða.

5. Lagt fram bréf stjórnkerfi- og lýðræðisráðs, dags. 29. nóvember 2017, með beiðni um umsögn við drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
Frestað.
6. Margrétar Guðnadóttur minnst. Margrét var aðal- og varamaður í hverfisráði Árbæjar um margra ára skeið og stóð ávalt vörð um hagsmuni hverfisins m.a. strætisvagnasamgöngur og umhverfismál. Margrét var fulltrúi frumbyggja

hverfisins og deildi gjarnan sögum af uppbyggingu Árbæjarhverfis. Hennar er minnst með hlýhug.

7. Fram fer umræða um Hverfið mitt, þróun þess og svör frá umhverfis- og skipulagssviði vegna sleðabrekku í Selási.
Frestað.

Fundi slitið kl. 17.30

Þorkell Heiðarsson

Hildur Hrönn Oddsdóttir

Björn Gíslason